

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Jón Kristjánsson

STARFSEMIN 1974

Yfirlit

Inngangur

Talsverð vitneskja hefur fengist um silungastofna í stöðuvötnum og frekari staðfesting fengin á þeim atriðum sem nefnd eru í yfirlitinu 1972. Veiðiálag á vatnasilunginn er almennt mjög lítið, og jafnvel í vötnum sem veidd hafa verið reglulega og rannsökuð hafa verið, er álagið undir því sem fiskstofnarnir þola (Apavatn, Þingvallavatn, Elliðavatn). Tekist hefur að gera áður verðlítið vatn, að eftirsóttu veiðivatni með ágætum fiski, einungis með grisjun.

Hér er átt við Djúpavatn á Reykjanesi.

Haustið 1971 var megnið af fiskinum í vatninu 22-25 cm. að lengd (bleikja) og lengri fiskar ákaflega horaðir. Það sama haust voru tekin í net 10 kg/ha af smáfiski úr vatninu. Síðan hefur verið grisjað á hverju ári, t.d. var veiðin 1973 um 30 kg/ha, þar af sennilega um helmingur veiddur á stöng. Árangurs af grisjuninni varð greinilega vart 1973, fiskurinn var stærri og feitari. 1974 er ástandið þannig að fiskur er feitur og góður og vex mjög hratt. Viðkoman er það mikil að sýnt er að halda verður fjöldanum í skefjum með netaveiði.

Það sem veldur þessum skjóta "bata" í Djúpavatni er, að vatnið er svo lítið (14ha), að mjög auðvelt er á stuttum tíma að grisja fiskstofninn mjög verulega.

Meðalfellsvatn er t.d. 15 sinnum stærra og þar þarf því a.m.k. 15 sinnum meiri vinnu til að ná sama árangri. Enda er það svo, að þar virðist varla sjá á bleikjustofninum þrátt fyrir að veiðin hafi verið um 14-18 þúsund bleikjur (7-9 kg/ha) á ári, undanfarin 3 ár. Sú aðferð sem notuð hefur verið við að grisja bleikju, er að veiða hana í lagnet, en reynslan sýnir að slikt er v arla framkvæmanlegt nema í litlum vötnum, vinnan er of mikil. Tími er því kominn til að reynt verði að finna önnur og betri ráð til að lækna ofsetin bleikjuvötn. T.d. hefur í Noregi verið reynt að sleppa í slik vötn urriðastofnum sem éta bleikju, en vandamálið hefur einmitt verið að finna og rækta slika urriðastofna. Í þingvallavatni er slikur urriði og eru nú í eldi seiði þaðan til sleppingar í vötn sem eru of stór og bleikjan of smá til þess að hægt sé að grisja þau, (t.d. Skorradalsvatn og Kleifarvatn). Í báðum þessum vötnum er mikil mergð af svifétandi bleikju (murtu), sem nú er til einskis

annars nýt en að vera fæðudýr fyrir urriða, ástand sem nú þegar ríkir t.d. í Þingvallavatni.

Sú aðstoð sem Veiðimálastofnunin hefur fengið frá SP. til rannsókna á stöðuvötnum felst einmitt í tækjaútbúnaði og sérfræðiaðstoð til rannsókna á magni á slíkri svifétandi bleikju. Þær rannsóknir hófust á árinu, en vegna ýmissa tæknilegra vandamála og bilana hefur enn ekki fengist neinn árangur úr þeim. Þessar rannsóknir hefjast að nýju í júlí 1975.

Starfsemin

Úthaldsdagar urðu alls 51 og skiptust þannig:

Vegna UNDP rannsókna á Skorradalsvatni og		
Þingvallavatni	7	dagar
Við rannsóknir á vatnakerfi Elliðavatns	7	"
Við rannsóknir " Lárósi	4	"
Rannsóknarferð til SA og A-lands	15	"
Við rannsóknir á Djúpavatni	4	"
Við rannsóknir " Botnsvatni við Húsavík	3	"
Við rannsóknir " Norðfjarðará	3	"
	43	dagar

afgangurinn, 8 dagar skiptust á ýmiss smærri verkefni, t.d. veiðifélagsfundí, öflunar á klakfiski (urriða) í Meðalfellsvatni og á Þingvöllum o.fl.

Eftirfarandi skýrslur og ritgerðir hafa verið gefnar út á árinu:

1. Silungur og silungsvötn (Fjöldrit 11)
2. Aðferðir til að kanna veiðivötn með tilliti til betri nýtingar á fiski (Fjöldrit 12)
3. Fiskirannsóknir í Apavatni.
4. Fiskirannsóknir í Skorradalsvatni.
5. Fiskirannsóknir í Leirvogsvatni 1973
6. Rannsóknir í Haukadalsá 1974.
7. Fiskirannsóknir í Þórisvatni.

Minna var merkt af silungi en árið áður og á færri stöðum. Stafar það einkum af því að færri tækifæri gáfust en árið áður,

enda úthaldsdagar færri og mikill tími fór í verkefni SP. Þar var um að ræða undirbúningur á nýkeyptum bát og prófanir á tækjum og ýmsum útbúnaði. Hér fer á eftir listi yfir merkingarstaði.

	Bleikja	Urriði
Djúpavatn	158	
Elliðavatn	220	1
Lárós	60	1
samtals:	438	2

Endurheimtur frá merkingum í fyrra hafa verið mjög mismunandi eins og við var búist, bestar eru þær í Djúpavatni og Lárósi.

Greinilegt er að það þarf að auglýsa merkingar mjög vel, ekki aðeins almennt, heldur á hverjum stað fyrir sig.